



Lilja Katrín Gunnarsdóttir grét gleðitárum þegar Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, mætti óvænt við lok sólarhrings kökumaráðs hennar til styrktar Krafti, stuðningsfélagi fyrir ungt fólk með krabbamein. Þurfti móðir hennar, Sigurjóna Björgvinsdóttir, fyrir vikið að styðja örþreytta dóttur sína í gegnum síðustu skrefin í maráðninu. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Samfylkingarþingmenn skrópa oftast

Þingmenn Samfylkingarinnar eru að meðaltali ekki í þingsal við þrjár atkvæðagreiðslur af hverjum tíu. Þingflokksformaður flokksins segir útskýringar að baki flestum fjarverum en niðurstaðan sé tilefni til verklagsbreytinga. Þáttar eru oftast viðstaddir atkvæðagreiðslu.

**ALÞINGI** Þingmenn Samfylkingarinnar eru að meðaltali oftast fjarri þegar atkvæðagreiðslur fara fram í þingsal. Þetta er meðal þess sem lesa má úr úttekt Fréttablaðsins á viðveru þingmanna við atkvæðagreiðslur.

„Þessar tölur koma mér á óvart og eru auðvitað alls ekki góðar,“ segir Helgi Hjörvar, þingflokksformaður Samfylkingarinnar. „Þær gefa okkur tilefni til að fara yfir verklagið í

þessum efnum og skerpa á því.“

Helgi segir að fjarvistirnar eigi sér ekki flokkspólitískar skýringar. Þingflokkurinn samanstandi af níu einstaklingum sem séu jafn misjafnir og þeir eru margir. Fjarvistirnar eigi sér eðlilegar skýringar og flestar tengist þær þingmannsstarfinu að einhverju leyti.

„Ef við litum á mig til dæmis þá má væntanlega rekja nokkurn hluta

þeirra til framboðs míns til formanns flokksins. Það er hluti sem fylgir starfinu. Síðan má rekja einhverjar til veikinda,“ segir Helgi.

Af níu þingmönnum flokksins eru tveir með lægra fjarvistahlutfall en meðalþingmaðurinn. „Það er mikilvægt að við séum alltaf á tánum og við höfum ekki verið það hvað atkvæðagreiðslur varðar. Við mætum vera duglegri að tilkynna fjarvistirnar

### Óútskýrðar fjarvistir

	<b>Samfylking</b>	<b>28,7%</b>
	<b>Vinstri græn</b>	<b>16,6%</b>
	<b>Sjálfstæðisfl.</b>	<b>16,5%</b>
	<b>Björt framtíð</b>	<b>14,7%</b>
	<b>Framsóknarf.</b>	<b>13,9%</b>
	<b>Þáttar</b>	<b>10,2%</b>

fyrir fram,“ segir Helgi. Hann bætir því við að þessi tölfræði ein og sér gefi skakka mynd af því hversu duglegir þingmenn séu. „Í því samhengi verður að lita til fjölda fluttra þingmála, ræðutíma, fyrirspurna og nefndarsetu. Sumir þeirra sem oftast eru fjarverandi við atkvæðagreiðslur eru í hópi starfsömustu stjórnmalámmanna landsins svo þetta er takmarkaður mælikvarði.“ - *jóe / sjá síðu 4*

### Færri stakir miðar í sund

**REYKJAVÍK** Sala á stökum miðum í sundlaugar Reykjavíkurborgar dróst saman um 18 prósent fyrstu átta mánuði ársins miðað við sama tímabil í fyrra. Þetta kemur fram í nýjum tölum frá íþrótt- og tómstundasviði Reykjavíkur.

Alls keyptu 166.736 sundgestir stakan miða í sundlaugarinnar á tímabilinu, en í fyrra var það 202.391 sem keypti sig inn. Í svarinu kemur fram að flestir sem kaupa staka miða eru erlendir ferðamenn.

Gjald fyrir stakan miða var hækkað 1. nóvember í fyrra úr 650 krónum í 900 krónur. Tekjur af þessum miðum fyrstu átta mánuðina eru því um 150 milljónir króna, en voru ríflega 132 milljónir í fyrra.

Sundlaugargestum hefur fjölgað á fyrstu átta mánuðunum, en langflestir þeirra borga með áskriftarkorti. - *hlh*

### Fréttablaðið í dag

**FRÉTTIR** Auglýsing með Birtu Möller hefur slegið í gegn. Móðir hennar skorar á auglýsendur að gefa öllum tækifæri. **2**

**SKOÐUN** Guðmundur Andri Thorsson skrifar um búvörusamningana. **11**

**SPORT** Ísland verður aftur með á EM í körfubolta. **12**

**LÍFID** Breska rokksveitin Suede er væntanleg til landsins í október. **22**

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ • FÓLK • LÍFID**

\*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015



## Pinex<sup>®</sup> Smelt

Munndreifitöflur  
250 mg

**Actavis**

Dale Carnegie

## ÓKEYPIS KYNNINGARTÍMI

*Ármúli 11*

Fimmtudaginn 22. september  
kl. 20.00-21.00  
Skráning á [dale.is](http://dale.is)

The Quality Management System of Dale Carnegie® Global Services is ISO 9001 certified.

## Veður



Suðlæg átt í dag, 5-15 m/s, einna hvassast austanlands og allvíða skúrir, en styttr þó upp norðaustan til siðdegis. Hiti 6 til 11 stig.

**SJÁ SIÐU 16**



Unnur Brá Konráðsdóttir alþingismaður. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM.

## Vildi sjá betri niðurstöðu

**STJÓRN MÁL** Unnur Brá Konráðsdóttir fór ekki fram á að vera færð ofar á lista Sjálfstæðismanna í Suðurkjördæmi eftir að hafa hafnað í 5. sæti í prófkjöri flokksins á dögnum. Hún var aftur á móti færð upp í 4. sætið í gær þegar kjördæmisráð flokksins í kjördæminu gekk frá endanlegum framboðslista. Ragnheiður Elin Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, hafði áður hafnað í 4. sæti, en þáði ekki sætið.

„Ég var mikill talsmaður þess að farið var í prófkjör þannig að þá verður maður að setta sig við það sem maður ber úr bytum,“ sagði Unnur um niðurstöðu prófkjörsins í samtali við Fréttablaðið í gær, en hún vildi ekki tjá sig um niðurstöðuna fyrir en kjördæmisráðið væri búið að koma saman.

Hún segist vitaskuld hafa viljað sjá betri niðurstöðu fyrir sig í prófkjörinu, en bendir á að þeir þrír frambjóðendur sem eru fyrir ofan hana hafi fengið afgerandi kosningu. „Ég var því ekki að biðja um að farið væri að krukka í listanum fyrir mig.“ – hlh

Ég var mikill talsmaður þess að farið var í prófkjör þannig að þá verður maður að setta sig við það sem maður ber úr bytum

**Gæði og glæsileiki**  
endalaust úrval af hágæða flísum

Flísabúðin  
Stórhöfða 21 | s: 545 5500 | flis.is

Finndu okkur á facebook

## Fimm skyttur á leið til Eistlands að skjóta elgi



Skyttur frá vinstri. Elsa Blöndal Sigfúsdóttir, María Anna Clausen, Bára Einarsdóttir, Guðrún Hafberg og Harpa Hlín Þórðardóttir. Konurnar munu halda til Eistlands í október til að veiða elgi. „Það er mjög lærdómsríkt að fara í svona ferð. Við lærum inn á siði og veiðivenjur, að umgangast skóginn og bráðina og margt fleira. Við kynnumst líka veiðikonum frá öðrum löndum,“ segir Harpa. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Aftur notuð pottasprengja

**ERLENT** Sprengjan sem fannst í Chelsea-hverfinu í New York á laugardagskvöld, um þremur tímum eftir að önnur sprengja sprakk í sama hverfi, reyndist vera pottasprengja. Um er að ræða álíka sprengju og ódæðismenn sprengdu í Boston-marathoninu í apríl 2013 sem kostaði sex mannlíf.

Pottasprengja er tiltölulega auðveld í samsetningu, en hún er þannig gerð að notaður er hraðsuðupottur sem fylltur er af sprengiefni með hvellhettu. Sprengjuna er hægt er að setja af stað með farsíma, stafrænni klukku eða bílskúrsopnara. Sprengjan sem fannst var tengd farsíma.

Alls slösuðust 29 manns í sprengingunni á laugardagskvöld í Chelsea-hverfinu. Enginn slasaðist lífshættulega, en allir sem slösuðust voru útskrifaðir af sjúkrahúsi í gærkvöld. Ekki er vitað hver ber ábyrgð á árasinni, en yfirvöld í New York vinna nú að rannsókn málsins. – hlh

# Skiptir máli að gefa öllum tækifæri

Móðir sex ára stelpu með þroskahömlun skorar á fyrirtæki og auglýsingastofur að veita einstaklingum með þroskafrávik og aðra fötlun tækifæri til að sitja fyrir í auglýsingum. Auglýsing sem birtist í Fréttablaðinu hefur vakið athygli.

**SAMFÉLAG** „Birta er alveg í skýjunum og hefur labbað um alla helgina hér heima með auglýsinguna og sýnt öllum,“ segir Jóna María Ásmundsdóttir um sex ára dóttur sína, Birtu Möller, sem sat fyrir í auglýsingu Hagkaupa sem birtist sl. föstudag í Fréttablaðinu. Auglýsingin hefur vakið nokkra athygli en þar má sjá Birtu með bros á vör í rauðum snjógalla. „Hún er ógurlega stolt,“ bætir Jóna María við.

Ástæðan fyrir athyglinni er ekki síst sú að Birta er með þroskahömlunina Downs-heilkenni en fátítt er hér á landi að fólk með slíka hömlun sitji fyrir í auglýsingum. Jóna María var ekki í minnsta vafa um að leyfa dóttur sinni að taka þátt þegar Hagkaup spurði hana, en hún er starfsmaður fyrirtækisins. „Hagkaup tók skref í rétta átt með þessu, því þarna var fyrirtækið að vikja frá svokölluðum staðalmyndum sem ráða för í hinum stóra auglýsingaheimi.“

Hún kveðst hafa fundið fyrir sterkum og jákvæðum viðbrögðum við auglýsingunni um helgina, m.a. á Facebook. „Sumir segja hversu frábært það er að notuð séu módel sem eru með þroskafrávik. Aðrir sjá þó bara káta krakka úti í fallegri náttúru og eru kannski ekki mikilið að pæla í hvernig þeir líta út.“

Jóna María telur að það geti skipt sköpum fyrir framtíð einstaklinga í sömu sporum og dóttir



Mæðgurnar Birta Möller Óladóttir og Jóna María Ásmundsdóttir.



hennar er, að fjölbreytileiki sé áberandi. „Fólk með þroskahömlum hefur væntingar til lífsins eins og aðrir. Þau vilja gera það sem þau dreymir um, t.d. til að vinna við það sem þau hafa áhuga á, eignast maka, stunda íþrótt-

ir og allt það sem þau hafa ástríðu fyrir. Þau geta alveg lært hluti eins og allir aðrir, en þurfa að fá tækifæri og stuðning til að gera það,“ segir hún og vonast til að auglýsingin virki sem hvatning fyrir aðra.

„Ég skora á auglýsingastofur og fyrirtæki að gefa fólki tækifæri til að leika eða að sitja fyrir í auglýsingum hvort sem viðkomandi er með þroskafrávik eða aðrar fatlanir. Það skiptir máli að gefa öllum tækifæri því það gerir lífið svo miklu skemmtilegra,“ segir Jóna María. hlh@frettabladid.is

GAMMA

# Fjármála- þjónusta og ráðgjöf hér heima og erlendis.

**GAMMA Capital Management annast sjóða- og eignastýringu og veitir ráðgjöf til fyrirtækja, lífeyrissjóða og efnameiri einstaklinga. GAMMA vinnur náið með erlendum fjármálafyrirtækjum og verðbréfasjóðum og opnaði nýlega skrifstofu með sjálfstætt starfsleyfi í London. Kynntu þér starfsemi okkar á [gamma.is](http://gamma.is).**

**REYKJAVÍK**

Garðastræti 37 | 101 Reykjavík | Iceland  
(+354) 519 3300 | [gamma@gamma.is](mailto:gamma@gamma.is) | [gamma.is](http://gamma.is)

**LONDON**

25 Upper Brook Street | Mayfair | London | W1K 7QD  
+44 (0) 207 429 2200 | [gcm@gcm.co.uk](mailto:gcm@gcm.co.uk) | [gcm.co.uk](http://gcm.co.uk)

## Sjaldnast fjarverandi



Nafn	Flokkur	Fjarvistir
1 Willum Þór Þórsson	B	49
2 Þorsteinn Sæmundsson	B	74
3 Elsa Lára Arnardóttir *	B	168
4 Haraldur Einarsson *	B	193
5 Helgi Hrafn Gunnarsson *	P	198

## Oftast fjarverandi



Nafn	Flokkur	Fjarvistir
1 Ögmundur Jónasson	V	1.338
2 Össur Skarphéðinsson	S	1.217
3 Sigmundur Davíð Gunnlaugsson	B	1.130
4 Helgi Hjörvar	S	1.111
5 Katrín Júlíusdóttir	S	1.048



**10** Alls tíu sinnum hefur það gerst að þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafa kosið gegn máli í lokaatkvæðagreiðslu. Þau atkvæði eru frá Sigríði Á. Andersen (5), Vilhjálmi Bjarnasyni (4) og Elínu Hirst.

## Tilkynnir oftast fjarvist fyrirfram (hæsta hlutfall)



Nafn	Flokkur	%	Fjarvistir
1 Willum Þór Þórsson	B	72,8%	180
2 Þorsteinn Sæmundsson	B	60,1%	186
3 Steingrímur J. Sigfússon	V	54,3%	685
4 Valgerður Gunnarsdóttir	D	44,6%	433
5 Brynjar Nielsson	D	41,6%	937

## Tilkynna sjaldnast fjarvist fyrirfram (lægsta hlutfall)



Nafn	Flokkur	%	Fjarvistir
1 Frosti Sigurjónsson	B	0%	350
2 Ásmundur Friðriksson	D	1,2%	594
3 Ásta Guðrún Helgadóttir	P	1,3%	150
4 Katrín Júlíusdóttir	S	2,1%	1.071
5 Helgi Hjörvar	S	2,8%	1.143

## Meðalþingmaðurinn




Karlar  
fjarverandi  
**23,5%**



Konur  
fjarverandi  
**17,9%**

**2.806**  
atkvæðagreiðslur



Já  
**65,3%**

Nei  
**5,7%**

Situr hjá  
**8,0%**

Fjarverandi  
**21,0%**

Þar af óútskýrðar fjarvistir  
**17,0%**

## Fjarvist eftir kjördæmum



Reykjavík norður  
Tilkynnt fjarvist  
**3,3%**  
Óútskýrð fjarvist  
**17,6%**

Reykjavík suður  
Tilkynnt fjarvist  
**2,1%**  
Óútskýrð fjarvist  
**19,7%**

Suðvestur  
Tilkynnt fjarvist  
**5,0%**  
Óútskýrð fjarvist  
**19,2%**

Suðurlkjördæmi  
Tilkynnt fjarvist  
**4,2%**  
Óútskýrð fjarvist  
**15,9%**

Norðvestur  
Tilkynnt fjarvist  
**4,6%**  
Óútskýrð fjarvist  
**11,3%**

Norðaustur  
Tilkynnt fjarvist  
**5,2%**  
Óútskýrð fjarvist  
**15,8%**

**99,2%**  
stjórnar-  
þingmenn  
við lokaaf-  
greiðslu  
mála segja  
nær alltaf já.

## Aldrei setið hjá

Bjarni Benediktsson	D
Einar K. Guðfinnsson	D
Haraldur Benediktsson	D
Sigrún Magnúsdóttir	B
Willum Þór Þórsson	B

Þorsteinn Sæmundsson (B) er samtímis jákvæðasti (2.562) og neikvæðasti (238) þingmaðurinn.



\*Fjórir þingmenn voru með færri fjarvistir. Þrír þeirra (ÁstaH, ÓP, SPÁ) voru varaþingmenn í upphafi en tóku sæti á miðju kjörtímabili. Sá síðasti er forseti Alþingis (EKG). Því eru þau ekki í samanburðinum.

# Karlarnir latari að mæta en konurnar

Úttekt Fréttablaðsins á atkvæðaskrá þingmanna sýnir að þingkonur eru oftast viðstaddir atkvæðagreiðslur heldur en starfsbræður þeirra og landsbyggðarþingmenn mæta betur en þingmenn höfuðborgarsvæðisins. Mismunandi er hvort þingmenn skrái fjarvistir fyrirfram.

Jóhann Óli Eiddsson  
johannoli@frettabladid.is



**ALÞINGI** Það er undir hverjum og einum þingmanni komið hvort hann skráir fjarvist á þingfundum þegar hann er fjarverandi. Í atkvæðaskrá þingmanna kemur fram hve oft þeir hafa sagt já, nei eða setið hjá. Þá má einnig sjá hve oft þeir eru ekki í þingsal þegar atkvæðagreiðsla fer fram.

Það kallast fjarvist þegar þingmaður lætur vita fyrir fram að hann komist ekki á þingfund, til að mynda þegar hann er erlendis,

veikur eða af öðrum ástæðum. Þingmaður er hins vegar sagður fjarverandi ef hann greiðir ekki atkvæði þrátt fyrir að vera, samkvæmt skráningu, á fundinum.

Willum Þór Þórsson er sá þingmaður sem sjaldnast hefur verið fjarverandi og með hæst hlutfall tilkynnta fjarvasta. „Ég hef gaman af vinnunni minni og þegar það er svo þá kemur þetta sjálfkrafa. Einu skiptin sem ég er með fjarvist þá er ég að sinna starfi mínu í Evrópu-nefndum,“ segir Willum.

Ögmundur Jónasson hefur oftast verið fjarverandi. „Fjarveru mína má að stærstum hluta rekja

til funda í Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins,“ segir Ögmundur. Hann bætir því við að honum þyki viðvera í þinginu og atkvæðagreiðslum ekki þurfa að endurspeglar starf þingmannsins. Oft sé ljóst fyrir fram hvernig atkvæðagreiðslan muni fara. „Hvað mig sjálfan varðar hefur alltaf verið vítað um allar mínar ferðir, innlands sem utan.“

„Það er ekki raunhæft að mæta á hvern einasta fund. Þingið er of kaótískt til þess,“ segir Helgi Hrafn Gunnarsson Þírati. Hann er sá stjórnarandstæðingur sem sjaldnast hefur verið fjarverandi

Það er ekki raunhæft að mæta á hvern einasta fund. Þingið er of kaótískt til þess

Helgi Hrafn Gunnarsson Þírati.



og sá af sitjandi þingmönnum sem situr oftast hjá. Helgi situr hjá í 38 prósent atkvæðagreiðslu. „Með þriggja manna þingflokk er ekki hægt að komast inn í öll mál. Ég er til að mynda aðalmaður í einni nefnd og hún fundar að jafnaði á sama tíma og nefnd þar sem ég er áheyrnarfulltrúi. Hjúsetan er edlilegt einkenni lítilla flokka.“

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, fyrrverandi forsætisráðherra, er sá stjórnarliði sem oftast hefur verið fjarverandi á kjörtímabilinu eða alls 1.130 sinnum. Þar af hefur hann verið fjarverandi í 501 atkvæðagreiðslu á þessu ári.

## Fiskréttur vikunnar

19. – 23. september



Ítalskur  
Lúxusréttur

★ 1.990 kr. kg.



Hlíðasmára 8 | Skipholti 70 | Spönginni 13  
Sími 554 7200 | hafid@hafid.is | facebook

SUZUKI BÍLAR HF.  
**25**  
ÁRA 1990-2015



Way of Life!

# HVERT SEM HUGURINN LEITAR!



Jimny er hinn fullkomni smájeppi sem líður hvergi betur en á fjöllum. Hann er nettur í borginni og utan hennar kemst hann lengra en flestir aðrir í sama stærðarflokki.

Fjór hjóladrífinn, með ESC stöðugleikakerfi, hemlajöfnunarkerfi, háu og lágu drifi og nákvæmu vökvastýri kemur Jimny þér á áfangastað, hvert sem hugurinn leitar.

## Jimny

VERÐ FRÁ  
**3.490.000 kr.**

Komdu, skoðaðu og prófaðu gripinn.

Fáðu nánari upplýsingar á [suzuki.is](http://suzuki.is)



Suzuki bílar hf. | Skeifunni 17 | Sími 568 5100



Julian Assange Stofnandi Wikileaks

## Náða Manning og fá þá Assange

**BRETLAND** Julian Assange, stofnandi uppljóstrunarsíðunnar Wikileaks, hefur boðist til þess að gefa sig fram í Bandaríkjunum ef Barack Obama Bandaríkjaforseti náðar Chelsea Manning. Wikileaks skýrði frá þessu í Twitter-skilaboðum.

Chelsea Manning var árið 2013 dæmdur í 35 ára fangelsisvist í Bandaríkjunum fyrir uppljóstranir til Wikileaks.

Sænskur áfrýjunardómstóll hafnaði fyrir helgi kröfu um að framsalskrafa gegn Assange yrði felld niður. Dómstóllinn segir enga ástæðu til að líta á einangrun Assange í sendiráði Ekvadors sem frelsisviptingu.

Í læknaáskýrslum, sem Wikileaks hefur birt opinberlega, segir að andlegri heilsu Assange sé hættu búin í sendiráðinu. - gb

### LEIÐRÉTTING

Í skýringarmynd um búvörusamningana á bls. 4 í Fréttablaðinu sl. laugardag stóð að bændur fá 79 kr./l í stuðning frá ríkinu vegna samninganna. Þetta er ekki rétt tala, en hún er 49 kr./l. Samtala stuðnings vegna samninganna og framleiðsluverðs frá afurðastöð er því 135,16 kr. Boðist er velvirðingar á þessu. - hlh

## Frelsun undan sjúkdómum



Indra Jatra trúarhátíðin fór fram í síðustu viku í Nepal. Einn af hápunktum hátíðarinnar er þegar konur keppast um að dreypa á áfengum dropum sem seytle út úr munni líkneskis guðsins Swet Bhairab á torgi í Katmandú. Þetta gera þær í þeirri trú að að kraftur vökvans muni frelsa þær undan sjúkdómum. Á hátíðinni er Indra, konungur guðanna og regnsins heiðraður, en hátíðin markar endalok rigningartímabilsins. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA.

## Skandallinn sem ekki fer

Saksóknari segir Lula da Silva, fyrrverandi forseta, hafa verið höfuðpaurinn í Petrobras-hneykslinu sem lamað hefur brasilískt þjóðfélag lengi.

**BRASILÍA** Málaferlum sem tengjast Petrobras-hneykslinu í Brasilíu er engan veginn lokið þótt Dilma Rousseff hafi verið rekin úr forsetaembættinu í sumar. Í síðustu viku var forveri hennar, Luiz Inacio Lula da Silva, ákærður fyrir spillingu í tengslum við hneykslið.

Hann er sagður hafa tekið þátt í spillingunni, meðal annars með því að telja ekki fram til skatts glæsi-íbuð mikla í Guaraja, sem hann segist þó aldrei hafa átt.

Deltan Dalagnol ríkissaksóknari segir að Lula hafi meira að segja verið höfuðpaurinn í Petrobras-málinu: „Lula var á toppi valdapiramidans,“ sagði saksóknarinn á blaðamannafundi. „Á ákvörðunarvalds hans hefði þessi svikamylla aldrei getað verið til.“

Þau Lula og Dilma voru vinsælustu stjórnmálamenn Brasilíu lengi vel, að minnsta kosti Lula. Samkvæmt skoðanakönnunum hefur almennur þó misst álit á öllum stjórnmálamönnum.

Lula var stofnandi Verkamanna-flokksins og vann stórsigur í kosningum árið 2003. Dilma var náinn samstarfsmaður hans og tók við af honum árið 2011. Þau segja pólitíska andstæðinga sína standa á bak við dómsmálin. „Ef þau sanna að ég hafi verið spilltur, þá skal ég sjálfur gefa mig fram og gerast fangi,“ sagði Lula við blaðamenn.

Petrobras-svikamyllan snerist um að stjórnmálamenn veittu verktaka-fyrirtækinu Petrobras samninga gegn mútum. Í ljós hefur komið að þessi iðja var afar útbreidd.

Málið hefur að mörgu leyti lamað allt samfélagið, jafnt stjórnmálin

### Helstu dagsetningar málaferlanna 2016

**17. apríl** samþykkti neðri deild þingsins að hefja ákærumál varðandi embættismissi á hendur Rousseff

**12. maí** samþykkti öldunga-deildin að rétta yfir Rousseff

**31. ágúst** komst öldungadeildin að niðurstöðu um að Rousseff hefði brotið af sér. Sama dag vék Rousseff úr embætti og Michel Temer varaforseti tók við

**14. september** var Lula ákærður fyrir aðild að spillingarmálinu

**Ef þau sanna að ég hafi verið spilltur, þá skal ég sjálfur gefa mig fram og gerast fangi**

Luiz Inacius Lula da Silva, fyrrverandi forsætisráðherra Brasilíu



sem efnahagslífið. Fréttaskýrendur hafa meira að segja sagt, sumir hverjir, að múturnar hafi verið nauðsynlegar til að halda samfélaginu gangandi.

Hagfræðingar eru að vonast til að efnahagurinn byrji að rétta úr kútnum á næsta ári eftir erfiða kreppu. Óvíst er hins vegar hvort dómsmálin tengd Petrobras muni til lengdar draga nokkuð úr spillingunni. [gudsteinn@frettabladid.is](mailto:gudsteinn@frettabladid.is)

ÚTSALA  
15-50%  
afsláttur af  
umgjörðum

MJÓDDIN  
Sími 587 2123

FJÖRÐUR  
Sími 555 4789

SELFOSS  
Sími 482 3949

augastaður  
Gleraugnaverslunin þín

## TAKKALÁSAR



**SIEMENS Codoor**  
ASSA skrár  
Fyrir rafhlöður  
Verð: 58.900 kr.

**SIEMENS**



**ASSA CODE HANDLE**  
ASSA skrár og þýskar skrár.  
Einföld og flott lausn fyrir hurðir þar sem  
notkun er ekki stöðug.  
Verð: 38.750 kr.

**ASSA ABLOY**



**PAXTON 371-210**  
Allt að 50 kóðar. IPX7.  
(ath. spennubreytir+hurðasegull  
fylgja ekki með).  
Verð: 14.353 kr.

**Paxton**

## HJARTASTUÐTÆKI



**Telefunken**  
hjartastuðtæki AED  
Verð: 149.973 kr.

**TELEFUNKEN**

# Öryggi á vinnustaðnum

Eftirlitsmyndavélar, hurðarhúnar með takkalás fyrir inni- og útihurðir einfalda aðgengi og auka öryggi í fyrirtækjum. Vandaðar hurðapumpur með armi fyrir inni- og útihurðir loka dyrum mjúklega án þess að skellast. Og slökkvitæki eru sjálfsögð í öllum fyrirtækjum.

## SLÖKKVITÆKI



**GPN-6X AB/MP**  
6 Lítrar léttvatn  
AB eldar  
Verð: 5.580 kr.

**ogniochron**

## EFTIRLITSKERFI



**KGUARD MH-4140 IP**  
Upptökutæki + 4 myndavélar  
Verð: 69.316 kr.

**KGUARD  
SECURITY**

## HURÐAPUMPUR Í MIKLU ÚRVALI



**STANLEY SGDC100S**  
Hurðapumpa með armi  
Styrkur EN 2/3/4  
Hentug fyrir innihurðir t.d. skrifstofur,  
hótelherbergi ofl.  
Vottuð og prófuð til notkunar  
á eldvarnarhurðir  
Verð: 3.410 kr.

**STANLEY**



**STANLEY SGDC160S**  
Hurðapumpa með armi  
Styrkur EN 2-4  
Hentug fyrir innihurðir t.d. skrifstofur,  
hótelherbergi ofl.  
Vottuð og prófuð til notkunar  
á eldvarnarhurðir  
Verð: 6.138 kr.

**STANLEY**



**DORMA TS83**  
Hurðapumpa með armi  
Styrkur 2-6  
Hentug fyrir úti- og innihurðir  
Þolir mikla notkun  
Verð: 11.718 kr.

**DORMA**



**VÉLAR & VERKÆRI**

Skútuvogi 1c 104 Reykjavík Sími 550 8500 Fax 550 8510 www.vv.is

## DRIVE ryk- og blautsugur

**MÚR  
BÚÐAR  
VERÐ**

**Drive**  
PROFESSIONAL TOOLS



**Drive ZD10-50L**  
Ryk- & blautsuga  
1000W, 50 lítra  
**25.990**



**Drive ZD98-3B**  
Ryk- & blautsuga  
3000W, 3 mótórar  
90 lítrar, PP vatnstankur  
**48.990**



**Drive ZD90A-20L**  
Ryk- & blautsuga,  
1400W, 20 lítra  
rafmagns innstunga  
**14.990**



**Drive ZD98A-2B**  
Ryk- & blautsuga,  
2000W, 70 lítra  
**39.990**

Kletthálsi Reykjavík  
Reykjanesbæ

**MÚRBÚÐIN**

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

# Börn þurfa að læra fingrasetningu í snatri

Samræmd próf í íslensku fyrir fjórða bekk grunnskólanna verða tekin á tölvur þrátt fyrir að fingrasetning hafi ekki verið kennd markvisst. Prófið veldur foreldrum og kennurum áhyggjum og hafa skólar þurft að fá lánaðar tölvur.

**MENNTAMÁL** Nemendur í fjórða bekk grunnskólanna munu taka samræmd próf í lok september á tölvum, sem hefur valdið foreldrum og kennurum áhyggjum því fingrasetning hefur aldrei verið kennd markvisst á þessum aldri. Sumir skólar eiga ekki nægar tölvur svo allir nemendur geti tekið prófið samtímis og þurfa að fá lánaðar. Færa á prófið yfir á rafrænt form og þurfa því krakkar á þessum aldri að læra fingrasetningu í snatri. „Við höfum heyrt í foreldrum og kennurum sem eru áhyggjufullir yfir prófunum. Einna helst vegna þess að fingrasetning hefur ekki verið kennd markvisst á þessum aldri og því getur reynst erfitt fyrir mörg börn í 4. bekk að taka þessi próf,“ segir Hrefna Sigurjónsdóttir, framkvæmdastjóri Heimilis og skóla. „Breytingar eru jákvæðar og að færa samræmda prófið yfir á rafrænt form er til batnaðar að okkar mati. Það hefði þó verið betra að undirbúa þessar breytingar betur með tilliti til þessa,“ segir Hrefna. Margrét Einarsdóttir, skólustjóri Vesturbæjarskóla, segir að á þriðja tug tölva hafi verið fenginn að láni. „Þetta verður erfitt og smá þúsluspl. Það er framtíðin að færa þessi próf yfir í rafrænt form og



Kynslóðin sem nú vex úr grasi er mun færari á snertiskjá en hefðbundið lykklaborð. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**Því getur reynst erfitt fyrir mörg börn í 4. bekk að taka þessi próf**

Hrefna Sigurjónsdóttir, framkvæmdastjóri Heimilis og skóla



Þetta er í fyrsta skipti sem þetta er gert svona,“ segir Margrét. Prófað verður í íslensku og stærðfræði. Prófið í íslensku skiptist í lestur, málnotkun og ritun. Ritunin hefur mest valdið áhyggjum þar sem snertiskjáakynslóðinni gæti þótt hefðbundin lykklaborð framandi. Arnór Guðmundsson, forstjóri Menntamálastofnunar, segir verkefnið hafa verið undirbúið mjög vel. „Við erum búin að hringja í hvern einasta skóla og kynna þetta um land allt. Við höfum ekki orðið varir við áhyggjur. Það eru líka börn sem eiga erfitt með að skrifa og nú hafa hin börnin sem kunna á tölvur vinninginn þegar önnur höfðu vinninginn áður.“ sveinn@frettabladid.is

## Polo hljómar betur.



Upplifun af akstrinum verður allt önnur þegar þú ert með réttu músíkina og þá skipta hljómgæðin öllu máli. Þess vegna ákvað Volkswagen að fara í samstarf við Beats by Dr. Dre™ og gera Polo sem fer lengra en nokkru sinni áður í góðum hljómburði. Hlustaðu nú vel og fáðu þér Polo!

VW Polo Beats, verð frá:  
**3.290.000 kr.**



Volkswagen





# Evrópukeppnin í fótbolta auglýsti Ísland á einstakan hátt

**VIÐSKIPTI** „Ísland er sterkt vörumerki og það hvað landið er einstakt spilar þar inn í. Það þarf engu að síður að halda áfram að þróa það, passa að það sé í umræðunni og ganga úr skugga um að fólk sem ferðast hingað eigi góðar upplifanir. Það skiptir máli að umtal um Ísland sé jákvætt,“ segir Kevin L. Keller, sérfræðingur í vörumerkjastjórnun.

Hann heldur fyrirlestur í Gamla bíói á morgun á vegum ÍMARK og fjallar þar meðal annars um vörumerkið Ísland.

„Ísland er típískt dæmi um umtal (e. word of mouth), þegar einhver kemur hingað og á góða upplifun þá hefur það jákvæð áhrif,“ segir Keller.

Að mati Kellers er vörumerkið Ísland á góðum stað í dag. „Það hefur margt spilað þarna inn í, Ísland fékk til dæmis einstaka auglýsingu þegar Íslendingar kepptu á Evrópumótinu í fótbolta. Það er líka merkilegt að erfiðleikarnir sem ríktu hér árið 2010, áhrif efnahagskreppunnar og eldgosið í Eyjafjallajökli, höfðu ekki neikvæð áhrif á vörumerkið, eins og maður hefði búist við,“ segir Keller.

## Vörumerkjagúru

Kevin L. Keller er sérfræðingur í vörumerkjum og vörumerkjastjórnun og hefur verið kallaður vörumerkja- og markaðsgúru.

Hann er prófessor í markaðsfræðum við Dartmouth-háskóla í Bandaríkjunum og hefur kennt við fjölda þekktara menntastofnana. Hann er höfundur Stefnu- miðaðrar vörumerkjastjórnunar (e. Strategic Brand Management).



Keller bendir þó á að jákvæð vörumerki viðhaldi sér ekki sjálf, það þurfi að viðhalda gæðum, sérstaklega í ferðamannaíðnaðinum. „Í mörg ár var Ísland falin perla en þið þurfið að vera meðvitund um áhrif massatúrísma af því að einn helsti kosturinn við að koma hingað áður var að líða eins og maður væri einn í heiminum.“

Þetta snýst allt um gæði. Það eru takmörkuð gæði þannig að það þarf að ákveða hvernig upplifanir þið viljið skapa innan þeirra.“  
saeunn@frettabladid.is

## Sekt lækkar hlutabréf

**VIÐSKIPTI** Á föstudaginn hrundu hlutabréf í Deutsche Bank og lækkaði gengi hlutabréfanna um rúmlega átta prósent. Þetta leiddi til verulegrar lækkunar á evrópskum hlutabréfamarkaði og lauk vikunni með mestu lækkunum á evrópskum hlutabréfamörkuðum frá því að Bretar kusu að yfirgefa Evrópusambandið í lok júní.

Ástæða lækkunarinnar hjá Deutsche Bank er að tilkynnt var um það á föstudaginn að bandaríska ríkið vill að bankinn greiði 14 milljarða dollara, jafnvirði 1.600 milljarða króna, í sekt vegna þáttar síns í fjármálakreppunni árið 2008.

Eins og Fréttablaðið greindi frá hefur órói komið yfir markaði á ný. Á föstudaginn fyrir rúmri viku fór stressvísitalan að hækka á ný og voru miklar lækkanir á hlutabréfamarkaði í byrjun síðustu viku úti um allan heim.

Í vikunni lækkaði STOXX Europe 600 vísitalan, sem nær til stærstu hlutabréfa í Evrópu, um 3,5 prósent. Stærstu hlutabréfavísitölur Evrópu tóku dýfu í vikunni, má þar nefna FTSE 100 í Bretlandi, sem náði sér á strik en endaði í -1 prósentu fyrir vikuna, og svipaða sögu er að segja af DAX í Þýskalandi. –sg



Drekinn á siglingu við Haugasund.  
NORDICPHOTOS/AFP

## Drekinn kominn til New York

**SAMFÉLAG** Víkingaskipið Drekinn Haraldur hárfagri kom til New York um helgina og var tekið á móti skipinu með mikilli viðhöfn. Drekinn hefur siglt yfir Atlantshaf undanfarna fimm mánuði, en hann lagði af stað frá Haugasundi í Norge í apríl síðastliðnum.

Verkefnið er innblásið af ferðalagi Leifs Eiríkssonar, fyrsta Evrópumannsins sem kom til Norður-Ameríku og er bygging skipsins byggð á heimildum um hvernig samtímaskip Leifs voru gerð. Drekinn er um þrjátíu metra langur og mun hann verða til sýnis við Manhattaneyju í New York til 26. september næstkomandi.

Ferðin hefur ekki gengið áfallalaust fyrir sig en áhöfnin hefur þurft að berjast við óveður og óvænta isjaka á ferð sinni.

Björn Ahlander skipstjóri sagði í viðtali við fréttastofu Curbed í New York þegar skipið kom í höfn: „Þetta fáum við svo sannarlega ekki að gera á hverjum degi.“ – þea

# BARNGÓÐAR KRÓNUR TAKA Á LOFT

FJÖLSKYLDAN FLÝGUR SAMAN Á VIT ÆVINTÝRANNA

FLUGFELAG.IS



### KRÓNAN VEITIR 99% AFSLÁTT

fyrir barnið aðra leiðina + flugvallarskattar. Greiða þarf flugvallarskatta og eru þeir 1.700 kr. frá Reykjavík og 1.360 kr. frá öðrum áfangastöðum innanlands.

### FERÐATÍMABILIÐ ER FRÁ 1. – 31. OKTÓBER BÓKANLEGT FRÁ 19. SEPTEMBER – 31. OKTÓBER

Sláðu inn í bókunarvélina flugsláttinn KRONA til að tryggja þér þetta tilboð.

### ÞETTA EINSTAKA TILBOÐSFARGJALD

- gildir til Reykjavíkur, Akureyrar, Ísafjarðar, Egilsstaða, Grímseyjar, Vopnafjarðar og Þórshafnar
- er fyrir börn, 2–11 ára, í fylgd með fullorðnum og í sömu bókun
- býðst eingöngu þegar bókað er á netinu, [www.flugfelag.is](http://www.flugfelag.is)
- ekki er hægt að bæta barni við bókunina eftir á
- ekki er hægt að nota tvo flugslætti í sömu bókun



FLUGFÉLAG ÍSLANDS

# Plebbaskapur



Magnús Guðmundsson  
magnus@frettabladi.is

**A**f einhverjum ástæðum virðist stjórnvöldum á hverjum tíma nánast fyrirumnað að sjá tækifærin sem felast í vexti og viðgangi lista og menningar í landinu. Öll hugsun ríkisvaldsins virðist taka mið af því að reyna að halda í horfinu fremur en að nýta sér sóknarfærin. Að líta á þessa atvinnugrein sem eitthvað sem við sitjum uppi með fremur en að fjárfesta í henni og uppskera í framhaldinu eins og til er sáð. Birta Guðjónsdóttir, sýningarstjóri Listasafns Íslands, gagnrýnir þróngan og hamlandi kost safnsins í viðtali við Fréttablaðið um helgina. Birta bendir réttilega á að hagræn áhrif listsköpunar séu löngu útrætt mál og að þá standi ekki annað eftir en meðvitað skeytingarleysi stjórnsvalda.

Í gegnum tíðina hefur málum verið þannig háttað á Íslandi að byggðasvæði og hagsmunahópar hafa átt sína fulltrúa á þingi. Hreppapólitíkin er því miður landsmönnum öllum kunn og afleiðingar hennar hafa ósjaldan kostað þjóðarþúið gríðarlega peninga. Oftar en ekki sökum illra ígrundaðra ákvarðana þingmanna sem fannst rétt að leggja „sinu fólki“ lið við þróun atvinnureksturs eða annarra ævintýra sem enga áttu sér framtíðina en skiluðu þó atkvæðum þegar mest á reyndi. Á sama tíma höfum við fylgst með því að skapandi greinar eru farnar að skila fleiri ársverkum en sjávarútvegur og landbúnaður til samans. Og það án þess að nokkur virðist skilja atvinnubrúunar- og fjárfestingatækifærin sem felast í greininni.

Eflaust þykir einhverjum í stjórnmálunum að hér sé illa að þeim vegið. Að á Íslandi sé rekin skynsamleg stefna varðandi menningu og listir en það er því miður ekki þannig. Árið 2013 samþykkti Alþingi mennta- og menningarmálastefnu, en lengi hafði verið kallað eftir slíku framtaki, sem er ætlað að ná yfir helstu þætti greinarinnar. Þessi stefna er forvitnilegt plagg að mörgu leyti og þar kemur fram eitt og annað um ábyrgð og skyldur menningarstofnana, opinbera stefnu í mál-efnum listarinnar og jafnvel markmiðasetning sem er auðvitað vita tilgangslaus að henda framan í fjársveitar stofnanir.

Myndlistin virðist reyndar fara sérstaklega illa út úr þessu meðvitaða skeytingarleysi stjórnsvalda. Skýringanna er kannski helst að leita í því að þar er dýpra á tengslum við afþreyingarflóð samtímans. Engu að síður er vart til það heimili eða fyrirtæki þar sem daglegt umhverfi fólks á sér ekki rætur í listsköpun auk þess sem íslenskir listamenn hafa náð alþjóðahylli á undanförmum árum. Það er því einfaldlega eins og Pétur Arason listaverkasafnari benti á, í áður nefndu viðtali við hann og Birtu, „hreint út sagt plebbelegt af stjórnvöldum að átta sig ekki nógu vel á því hvað við erum í mikilli sérstöðu.“

Íslensk stjórnvöld þurfa því að fara að vakna fyrir möguleikum þessarar mögnuðu atvinnugreinar og átta sig á því að það er fleira matur en feitt kjet. Nú þegar stutt er til kosninga þá hlýtur það fólk sem hefur viðurværi sitt af hinum skapandi greinum að hafa í huga, hvort einhver hinna fjölmörgu flokka sem ætla sér á þing geti lagt fram almennlega fjárfestingastefnu fyrir greinina.



Myndlistin virðist reyndar fara sérstaklega illa út úr þessu meðvitaða skeytingarleysi stjórnsvalda.

Halldór



## Frá degi til dags

**Óvenjulegt og óvænt**  
Svavar Halldórsson, framkvæmdastjóri Landssambands sauðfjárbænda, beitti því óvenjulega bragði í Víkulokunum á Rás 1 um helgina, að heimta sannanir fyrir öllum fullyrðingum sem fram komu í umræðum. Og virtist engu skipta þótt um væri að ræða nokkuð almenn sannindi. Öruglega sniðug taktík hjá þeim sem nálgast umræður í fjölmjóðum sem einhvers konar kappleiki sem vinnast eða tapast.

**Hvar er sönnunin?**  
Til dæmis vildi framkvæmdastjórinn ekki fallast á þá fullyrðingu að nýsamþykktir búvörusamningar væru býsna umdeildir í samfélaginu, fyrr en beinhardar sannanir væru lagðar fram í beinni útsendingu. Eins og gefur að skilja komust viðmælendur framkvæmdastjórans ekki langt í þessum umræðum. Kannski var það ætlunin.

**Sönnunin í tölunum**  
Þótt það sé líklega ekki til mikils, þá má benda framkvæmdastjóranum á að stuðningur við búvörusamningana hefur verið mældur. Í könnun sem gerð var í mars af Maskinu voru 46 prósent aðspurðra andvíg samningunum en tólf prósent hlynnt.  
andri@frettabladi.is

## Þingið brást – þjóðin axli ábyrgð



Ólafur Arnalds  
prófessor við Landbúnaðarháskóla Íslands

**B**úvörusamningurinn var nýverið samþykktur á Alþingi af 19 þingmönnum sem er innan við þriðjungur þingheims. Innan við helmingur þeirra greiddi atkvæði. Þingmenn skuldbundu þjóðina til um 150 milljarða greiðslna auk annars óbeins stuðnings; álögur upp á svona 250.000 kr. á hvert 4 manna heimili á ári. Til tíu ára! Málin gerast vart stærri.

Undirritaður er ekkert á móti stuðningi við landbúnað í dreifbýlinu, en þessi samningur er beinlínis vondur. Hann er gamaldags sýn á byggðapróun, hann er umhverfisfjandsamlegur og stuðlar að offramleiðslu og tekur ekki mið af breyttum aðstæðum í samfélaginu og mismunandi þörf fyrir slíkan stuðning út um landið. Nú eru yfir 30% sauðfjárframleiðslunnar flutt út og líkur á að það hlutfall hækki verulega. Auka á framleiðslu burtséð frá landkostum. Bændur geta meira að segja hafnað niðurstöðu á endurskoðun samningsins að þremur árum liðnum.

Stjórnarandstöðuflokkarnir aðrir en Björt framtíð mýruðu sig inn í „Gamla Ísland“ við þessa atkvæðagreiðslu. Græni flokkurinn guggnaði. Annar hafði ekki „mannskap til að kynna sér málið“, enda þótt það sé af stærðargráðu Icesave. Afstaða Samfylkingar er vægast sagt einkennileg, flokkur sem hefur barist gegn þessu kerfi í áratugi og koðnar svo niður þegar á hólminn er komið. Þær skýringar hafa birst að hér sé um að ræða hræðslu vegna atkvæða í dreifbýlinu sem vega tvöfalt á við atkvæði þéttbýlisbúanna. Ja hérna! Þessir flokkar geta vart brotist aftur úr viðjum „Gamla Íslands“ öðru vegu en með því að koma þessum samningi í þjóðaratkvæði, líkt og Icesave. Það opnar dyr fyrir aðra nálgun fyrir þessa samningagerð, sem ætti að fela í sér hlutlausu, viðtæka og opna skoðun á stöðu og þróun landbúnaðarins og dreifbýlis í heild.

Alþingi axlaði ekki ábyrgð á búvörusamningnum, en almenningur, dreifbýlið og náttúra landsins sitja uppi með afleiðingarnar. Afgreiðsla Alþingis felur í sér ofbeldi gagnvart lýðræði í landinu. Vísum honum í þjóðaratkvæði!



Afgreiðsla Alþingis felur í sér ofbeldi gagnvart lýðræði í landinu. Vísum honum í þjóðaratkvæði!

ALLA DAGA | OPINNI DAGSKRÁ | 18:55 |

ALLA DAGA KL. 18:55

OPINNI DAGSKRÁ

# ÍPRÓTTAFRÉTTIR

Öll helstu tilprifin og mörkin!  
Skotheldur sportpakki sem þú færð bara í kvöldfréttum Stöðvar 2

# Þjóðarþráttin

Í DAG



Guðmundur  
Andri Thorsson  
rithöfundur

Enn einir þjóðarþráttarsamningarnir voru samþykktir á dögunum á Alþingi og allt fór það fram samkvæmt dagskrá – eftir vandlega undirbúinni dagskrá þar sem atkvæðagreiðsla þingmanna er táknrænt leikrit í lokin. Nítján samþykki, sjö greiða atkvæði gegn en hinir sitja hjá; ekki á okkar vegum, kemur okkur ekki við, myndum ekki gera þetta svona sjálf, þvöum hendur okkar af þessu.

Táknrænt leikrit. Þau má nefnilega ekki vanmeta. Það gleymdist nefnilega að það er ekkert hægt að sitja hjá. Sé maður á annað borð andvígur slíkum framlögum úr almenningsjódum til að styrkja atvinnugrein eða lífsmáta eða listgrein – eða hvað við viljum annars kenna landbúnaðinn við – þá þurfa allir að taka afstöðu.

## Kurteist fólk

Í tíð síðustu ríkisstjórnar – Jóhannstjórnarinnar – var þingið á löngum köflum gert óstarfhæft með markvissu málþófi sem ekki var síst stjórnað af núverandi ráðherra landbúnaðarmála, Gunnari Braga Sveinssyni. Ríkisstjórn

Jóhönnu var gert ókleift að ná nokkrum málum í gegnum brimskafra málæðisins sem öllu drekkti, með þeim afleiðingum fyrir Samfylkinguna að kjósendur kenna henni um allt sem miður hefur farið á Íslandi frá landnámi.

Á þessum árum þótti Framsóknarmönnum og Sjálfstæðisfólki ekki tiltökumál að beita málþófi á fjárlög – sem var einsdæmi – aukinheldur að þeir hleyptu í gegn smærri málum. Núverandi stjórnarandstaða er öllu ábyrgari, gerir samninga við stjórnarmeirihlutann um að hleypa í gegn tilteknum málum gegn því að fá eitthvað á móti. Í tilvikum búvörusamninga voru það ákvæði um hugsanlega endurskoðun eftir þrjú ár á samningnum sem annars gilda til tíu ára – en þó aðeins ef bændum þykir ástæða til. Fulltrúar stjórnarandstöðu telja sig hafa skýr loforð um að við þessi endurskoðunarákvæði verði staðið. En eitt er að vera háttvís og fara að reglum lýðræðisins – það er mjög mikilsvert og lofsvert að gera það – en annað er að láta meirihlutann fara sínu fram með öllu fyrirhafnarlaust, eins og manni virðist að gert hafi verið í þessu tilvikum. Hugsanleg endurskoðun eftir þrjú ár: öllu rýrari getur uppskeran ekki verið.

Manni virðist að þetta sé eiginlega angi af öðru og stærra og meira bóli stjórnarandstöðu – að skynja ekki slátt tímans; heyra ekki kröfur fólks um nýja siði, breytt samfélag, sem taki mið af almannahagsmunum fremur en að þjóna sérhagsmunum.



**Meirihluti landsmanna starfar ekki í landbúnaði. Raunar ansi mikill meirihluti – satt að segja er landbúnaður rúmlega 1% af vergri þjóðarframleiðslu.**

Kurteist fólk. Nema nú var það sem sagt kurteis flokkurinn sem vildi ekki vera með – Björt framtíð, sem legið er á hálsi fyrir að vera of málefnaleg, sagði nei og tók ekki þátt í þessari kurteislegu athöfn heldur greiddi atkvæði gegn þessum samningum, sem skuld-

binda ríkissjóð til milljarða útgjalda um ókomin ár.

## Samningar

Í nútímasamfélagi þarf að semja um allt. Stéttirnar og hagsmunahóparnir þurfa að hafa sína öflug fulltrúa og talsmenn á þingi og það er hlutverk þeirra að gæta hagsmuna þeirra sem senda þá á þing, og semja við þá sem eiga annarra hagsmuna að gæta. Í samningum er ekki hægt að sitja hjá. Maður verður að koma fram með sínar áherslur og kröfur og þær þurfa að vera skýrari og eindregnari en svo að fá það tryggt að ef til vill verði þetta endurskoðað eftir þrjú ár, ef viðsemjand-anum list svo á.

Meirihluti landsmanna starfar ekki í landbúnaði. Raunar ansi mikill meirihluti – satt að segja er landbúnaður rúmlega 1% af vergri þjóðarframleiðslu. Má raunar segja

að öll þjóðin eins og hún leggur sig sé „neytendur“ sem þó eru aldrei kvaddir til nokkru sinni. Samt er áreiðanlega leitun að þeirri manneskju hér á landi sem ekki viðurkennir ómælda þýðingu landbúnaðar fyrir land og þjóð. Flest viljum við að matvælaframleiðsla víða um land eflist og styrkist, dafni og verði sem fjölbreyttust og ánægjulegust. Landsmenn gera sér líka almennt grein fyrir því að erfitt er að reka hér landbúnað og bændur þurfa styrki og fyrirgreiðslu rétt eins og tíðkast um alla Evrópu. Almenn gerir fólk greinarmun á bændum og framleiðslu þeirra annars vegar og svo stórum milliliðum og má þar einu gilda hvort um er að ræða auðhring á borð við Mjólkursamsöluna eða verslunarrisa eins og Haga.

En þegar gerðir eru samningar við fulltrúa ríkisins – sem eru þá jafnframt fulltrúar allra landsmanna – líka þeirra sem ekki starfa við landbúnað – þá er það með öllu óviðunandi að þar komi hvergi að borðinu fulltrúi neytenda; sem eru eiginlega allir landsmenn. Fulltrúar ríkisins í þessum samningum koma úr ráðuneyti landbúnaðar og alkunna er að milli þess ráðuneytis og bændaförystunnar hafa löngum legið slíkir gagnvegir að tómt mál er að tala um fulltrúa þess ráðuneytis sem fulltrúa almennings í nokkrum skilningi. Þó ekki væri nema fyrir þessa sök hljóta fulltrúar almennings á Alþingi, sem ekki styðja sjálfvirk framlög til landbúnaðarkerfisins, að minnsta kosti að ræskja sig aðeins.



**NÝR ISUZU D-MAX**  
**VERÐ FRÁ 6.990.000 kr. SJÁLFSKIPTUR, 6 GÍRA**

**NÝTT MEIRI DRÁTTARGETA**

**3.500KG**

**100**  
HISTORIC YEARS  
Founded 1916  
**ISUZU**

**Isuzu D-Max Lux, leðursæti, 17" álfelgur, hiti í sætum, hraðastillir, rafdrifið bílstjórásæti, handfrjáls símabúnaður (Bluetooth) o.m.fl.**

**EYÐSLA AÐEINS 8,4 L/100 KM\***

**280.000 KR. KAUPAUKI**  
NÚNA FYLGIR ÖLLUM ISUZU D-MAX  
DRÁTTARBEISLI OG HEITKLÆÐNING Á PALLINN

GE bílar  
Reykjanesbæ  
www.gebilar.is  
420 0400

Bílasalan Bílás  
Akranesi  
www.bilas.is  
431 2622

Bílasala Akureyrar  
Akureyri  
www.ib.is  
461 2533

Bilaverkstæði Austurlands  
Egilsstöðum  
www.bva.is  
470 5070

IB ehf.  
Selfossi  
www.ib.is  
480 8080

BL söluumboð  
Vestmannaeyjum  
481 1313  
862 2516

**BL ehf**  
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík  
525 8000 / www.bl.is





Haukur Helgi Pálsson og Kristófer Acox fallast í faðma eftir að lokafloaflautið gall í Laugardalshöllinni á laugardaginn. Íslenska liðið vann þá afar sterkan sigur, 74-68, á öfluglu liði Belga. Ísland vann fjóra af sex leikjum sínum í undankeppni EM 2017 og tryggði sér sæti í lokakeppninni, annað skiptið í röð. MYND/BÁRA DRÖFN KRISTINSDÓTTIR

Ingví Þór  
Sæmundsson  
ingvithor@frettabladid.is



**KÖRFUBOLTI** „Þetta er frábær tilfinning. Hún var góð síðast en að gera þetta tvisvar í röð er mjög sérstakt,“ sagði reynsluboltinn Jón Arnór Stefánsson eftir að Ísland tryggði sér far-seðilinn á annað Evrópumótið í röð.

Íslensku strákarnir unnu frábæran sigur, 74-68, á sterku liði Belga frammi fyrir troðfullri Laugardalshöll á laugardaginn. Reikningsmeistarar Körfuknattleikssambandsins voru reyndar búnir að finna út að Ísland mætti tapa með 16 stiga mun og kæmist samt áfram. En það vissu strákarnir ekki. Þeir vildu og ætluðu að vinna leikinn.

„Við fórum í þennan leik til að vinna hann. Við fengum ekki að vita nein úrslit fyrir leikinn. Þeir eru með hörkulið og það sýnir mikinn andlegan styrk að vinna þá,“ sagði Jón Arnór sem var á annarri löppinni í undankeppninni.

„Það er gaman að sjá hvernig ungu strákarnir í liðinu hafa stigið upp og dregið vagninn. Það er mjög gott því ég hef verið í lélegu standi,“ sagði Jón Arnór

#### Erfitt í upphafi

Hann, líkt og fleiri leikmenn í íslenska liðinu, átti erfitt uppdráttar í sókninni framan af leik. Eftir fyrsta leikhliða var skotnýting Íslands einungis 18,2 prósent og aðeins þrjú leikmenn komnir á blað.

Jón Arnór klikkaði á fyrstu átta skotunum sínum og íslenska liðið lenti mest 14 stigum undir, 15-29, snemma í öðrum leikhliða. Íslensku strákarnir hittu skelfilega en voru duglegir að koma sér á vitalínuna. Alls komu 13 af 34 stigum Íslands í fyrri hálfleik úr vítum.

Þrátt fyrir erfiða stöðu brotnaði íslenska liðið ekki, hélt áfram að berjast í vörninni og fór að minnka muninn. Kristófer Acox jafnaði metin í 34-34 af vitalínunni en

# Framtíðin er þeirra

Íslenska körfuboltalandslíðið verður á meðal þátt-tökuliða í öðru Evrópumótið í röð. Ísland vann frábæran sigur á sterku liði Belgu á laugardaginn þar sem ungstirni liðsins skínur skært.

#### EM 2017 í körfubolta

- EM 2017 hefst 31. ágúst og lýkur 17. september.
- EM 2017 verður með sama sniði og EM 2015. Leikið verður í fjórum sex liða riðlum. Fjögur efstu liðin í hverjum riðli fara áfram í 16-liða úrslit.
- Riðlakeppnin fer fram í fjórum borgum; Istanbul í Tyrklandi, Helsinki í Finnlandi, Tel Aviv í Ísrael og Cluj í Rúmeníu. Útsláttarkeppnin verður leikin í Sinan Erdem

Dome í Istanbul.

- Eftirtalin lið komust á EM 2017: Tyrkland, Rúmenía, Finnland, Ísrael, Spánn, Litáen, Frakkland, Serbía, Grikkland, Ítalía, Tékkland, Lettland, Króatía, Rússland, Ungverjaland, Belgía, Slóvenía, Svartfjallaland, Þýskaland, Pólland, Ísland, Bretland, Úkraína og Georgía.
- Dregið verður í riðla í Tyrklandi 22. nóvember næstkomandi.



Belgar áttu lokaorðið í fyrri hálfleik þegar þeir settu niður flautuþrist. Hann var þó aðeins kinnhestur en ekki rothögg. Í seinni hálfleik spilaði íslenska liðið svo frábærliga og landaði sex stiga sigri, 74-68, á liði sem fór í 16-liða úrslit á síðasta EM.

#### Greip tækifærið með báðum

„Fyrri hálfleikurinn á móti Sviss og seinni hálfleikurinn gegn Belgu eru tveir bestu hálfleikir sem ég hef séð landsliðið spila,“ sagði ein af hetjum íslenska liðsins, Martin Hermannsson. Martin, sem fagnaði 22 ára afmæli sínu á föstudaginn, byrjaði

alla sex leikina í undankeppninni og tók stærra hlutverki og aukinni ábyrgð fagnandi.

Strákurinn er algjörlega óttalaus og gríðarlega þroskaður miðað við aldur. Yfirvegum er mikil og það er sjaldan sem Martin tekur illa ígrunduð skot eða slæmar ákvarðanir.

Martin var stigahæstur í íslenska liðinu á laugardaginn með 18 stig auk þess sem hann tók þrjú fráköst, gaf fimm stoðsendingar og stal boltanum tvisvar sinnum. Þá var skotnýtingin frábær, eða 77,8 prósent.

Martin var ekki eini ungi KR-ingurinn sem lét að sér kveða í

undankeppninni því áður nefndur Kristófer Acox kom eins og storm-sveipur inn í íslenska liðið. Kristófer var með 6,0 stig og 4,7 fráköst að meðaltali í undankeppninni, þrátt fyrir að hafa aðeins spilað 15 mínútur að meðaltali í leik.

„Hann hefur komið frábærliga inn í þetta,“ sagði Hlynur Bæringsson, fyrirlíði landsliðsins, um nýja félagan sinn undir körfunni. „Hann er mjög sérstök týpa í íslenskum körfubolta, mikill íþróttamaður og það er gaman að spila með honum. Þetta er góður drengur og framtíðin er hans.“

Kristófer skilaði ekki einungis flottum tölum heldur sendu troðslur hans í heimaleikjunum gegn Kýpur og Belgu sterk skilaboð og kveiktu í áhorfendum.

„Ég fékk smá nasapef af þessu á Smáþjódaleikunum í fyrra en það er geðveikt að spila svona alvöru leiki í fullri höll,“ sagði Kristófer eftir leik. Hann fékk ekki leyfi frá Furmanháskólanum til að fara með á EM í fyrra en hann ætlar að vera með að ári.

„Það er ekkert annað í stöðunni, þetta er geðveikt. Ég er bara orðlaus,“ bætti Kristófer við.

#### Björt framtíð

Eins og Hlynur sagði er framtíðin Kristófers og framtíðin í íslenska landsliðinu virðist björt.

Elvar Már Friðriksson spilaði minna en Martin og Kristófer í undankeppninni en skilaði góðu verki á báðum endum vallarins. Miðherjinn hávaxni Tryggvi Snær Hlinason er í mikilli framför og handan við hornið bíða fleiri strákar úr U-20 ára liðinu sem vann sér sæti í A-deild Evrópumótsins í sumar.

Þá eru lykilmenn eins og Haukur Helgi Pálsson og Hörður Axel Vilhjálmsson á góðum aldri. Og þeir sem eldri eru hafa lítið gefið eftir. Það eru því spennandi tímar fram undan í íslenskum körfubolta.

#### Nýjast

##### Enska úrvalsdeildin

Hull City	1–4 Arsenal
Leicester	3–0 Burnley
Man City	4–0 Bournemouth
West Brom	4–2 West Ham
Everton	3–1 Boro
Watford	3–1 Man Utd
C. Palace	4–1 Stoke City
Southampton	1–0 Swansea
Tottenham	1–0 Sunderland

Efst		Neðst	
Man. City	15	Burnley	4
Everton	13	Bournemouth	4
Tottenham	11	West Ham	3
Arsenal	10	Sunderland	1
Chelsea	10	Stoke City	1

##### Pepsi-deild karla

##### FH - Valur 1-1

0-1 Kristinn Freyr Sigurðsson, viti (19.), 1-1 Kristján Flóki Finnbogason (83.).

FH-ingum mistókst að tryggja sér Íslandsmeistaratitilinn. Þeir eru þó áfram í lykilstöðu.

##### Vikingur R. - Fylkir 2-2

1-0 Vladimir Tufegdzic (8.), 1-1 Garðar Jóhannsson (22.), 1-2 Oddur Ingi Guðmundsson (72.), 2-2 Josip Fucek (83.).

##### KR - Fjölnir 3-2

0-1 Gunnar Már Guðmundsson (8.), 1-1 Kennie Chopart (30.), 2-1 Óskar Örn Hauksón (49.), 2-2 Ingimundur Niels Óskarsson (51.), 3-2 Morten Beck Andersen (70.).

Rautt spjald: Tobias Salquist, Fjölni (88.).

##### Inkassodeildin

KA	2–1 Grindavík
Leiknir F.	1–0 Leiknir R.
Fram	2–1 Fjarðabyggð
Keflavík	2–2 Þór
Huginn	0–4 HK
Haukar	1–1 Selfoss

Efri		Neðri	
KA	48	Leiknir R.	28
Grindavík	41	Selfoss	25
Keflavík	34	HK	22
Þór	33	Huginn	21
Fram	29	Leiknir F.	18
Haukar	28	Fjarðabyggð	17

##### Olís-deild karla

##### ÍBV - Akureyri 25-24

Theodór Sigurbjörnsson 7/1, Sigurbergur Sveinsson 6, Daniel Örn Grifflin 4 - Andri Snær Stefánsson 9/7, Karolis Stropus 8.

##### Olís-deild kvenna

##### Fram - Stjarnan 21-21

Ragnheiður Júlíusdóttir 7, Sigurbjörg Jóhannsdóttir 5 - Helena Rut Örvarsdóttir 4.

##### Valur - ÍBV 26-22

Diana Satkauskaitė 8, Morgan Marie Þorkeldsdóttir 5 - Sandra Erlingsdóttir 11.

##### Gróttá - Selfoss 24-23

Laufey Ásta Guðmundsdóttir 8, Lovisa Thompson 7 - Hrafnhildur Hanna Þrastardóttir 7, Perla Ruth Albertsdóttir 6.

##### Fylkir - Haukar 15-21

Puríður Guðjónsdóttir 7 - Sigrún Jóhannsdóttir 4, María Ines De Silve Pereira 4.

#### Í dag

**Pepsi-deild karla:**  
**16.45 Breiðablik - ÍBV** Kópavogsv.  
**19.05 Þróttur - Vikingur Ó.** Sport 2  
**19.30 Stjarnan - ÍA** Sport  
**22.00 Pepsimörkin** Sport

**21.00 Messan** Sport 2

**Olís-deild karla:**  
**19.30 Selfoss - Haukar** Selfoss  
**19.30 Gróttá - FH** Hertz-höllin  
**19.30 Afturelding - Fram** N1-höllin  
**19.30 Stjarnan - Valur** TM-höllin



Friðrik Steinn Friðriksson, vöru- og upplifunarhönnuður, býr í fallegri íbúð í Hlíðunum. MYNDIR/STEFÁN

## TILNEYDDUR MÍNÍMALISMI

